

SKOÐUN

TVÆR UNDIRSKRIFTASAFNANIR

NÝLEGA er lokið undirskriftasöfnun samtaka Umhverfissvina.

Undirskriftirnar voru afhentar 14. febrúar og var þá tilkynnt að 45.386 manns hefðu skrifað undir. Þegar þessari söfnun var hleypt af stokkunum hinn 10. nóvember var það yfirlýst markmið forvígismanna hennar að ná meira en 60 þúsund undirskriftum og slá það met sem sett hefði verið árið 1974 með undirskriftasöfnun Varins lands. Söfnun Umhverfissvina skyldi lokið fyrir jólahefð Alþingis.

Vonbrigði og afsakanir

Þegar leið að jólum og ljóst var að takmarki Umhverfissvina yrði ekki náð á þeim tíma sem þeir höfðu sett sér, hafði helsti talsmaður þeirra, Ólafur F. Magnússon, á því tvær skýringar. Í fyrsta lagi hefði Varið land haft meiri tíma en Umhverfissvinnir til söfnunar undirskrifta, og í öðru lagi hefðu Umhverfissvinnir mætt fádæma andspyrnu og ofsóknum. Undirskriftalistar hefðu verið fjarlægðir og eyðilagðir og þannig verið spilt fyrir söfnuninni.

Ólafur tilkynnti að gert yrði hlé yfir hátíðirnar en söfnunin síðan framleidd til loka janúar.

Meðan á undirskriftasöfnun Umhverfissvina stóð komu fram raddir sem reyndu að gera lítið úr slíku framtaki, og var spjóttum þá stundum beint að undirskriftasöfnun Varins lands.

Einhverjir sögðu að ekkert hefði verið að marka þá undirskriftasöfnun því að fólk hefði verið neytt til að skrifa undir. Einn af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins komst svo að orði í útvarpsviðtali að hún þekkti til fullorðinnar konu sem hefði verið hrædd til þess að skrifa nafn sitt á lista Varins lands, því að annars myndu Rússarnir koma. Af þessu dró þingmaðurinn þá ályktun, að undirskriftasöfnun Varins lands hefði verið marklaus og þar með allar undirskriftasafnanir!

Eftir að söfnuninni lauk hafa komið fram nýjar skýringar á því hvers vegna Umhverfissvinnur tókst ekki að jafna met Varins lands. Nú er sagt að ekki sé hægt að bera þeirra undirskriftasöfnun saman við „það áttak sem herstöðvasinnar efndu til 1974 með átaki lýðræðisflokkaanna svokölluðu og fyrirtækja landsins“ svo að vitnað sé í vefsíðu Vísis frá 17. febrúar. Hvort orðalagid er komið frá talsmönnum Umhverfissvina skal ekki fullyrt.

Rangfærslur sem þarf að leiðrétta

Þegar svo langt er gengið í rangfærslum, er óhjákvæmilegt að þeir sem stóðu að undirskriftasöfnun Varins lands stingi niður þenna til að leiðrétta verstu villurnar. Ítarlegar upplýsingar um þá söfnun liggja fyrir í greinargerðum til dagblaða þegar undirskriftasöfnunin fór fram, svo og í málsskjölum fyrir héraðsdómi og hæstarétti vegna þeirra málaferla sem fylgdu í kjölfarið. Ef talsmenn Umhverfissvina og aðrir áhugamenn hefðu haft fyrir því að kynna sér þessi gögn eða spyrja þá sem stóðu að undirskriftasöfnun Varins lands, hefðu þeir tæplega látið frá sér fara þau vafasömu ummæli sem rakin eru hér að framan. Þá er jafnframt ólíklega að Umhverfissvinnir hefðu hætt sér út í samanburð við undirskriftasöfnun Varins lands. Árangur þeirrar söfnunar var sennilega heimsmet í lýðræðisríki, met sem seint verður jafnað.

Vegna þeirra sem eru ungir að árum og vita ekki um hvað þessi undirskriftasöfnun snerist, er rétt að geta þess að í ársbyrjun 1974 var allt útlit



Þorvaldur Búason



Ragnar Ingimarsson



Þorsteinn Sæmundsson

fyrir að ríkisstjórnin myndi segja upp varnarsamningnum við Bandaríkin og láta varnarliðið fara. Þessi stefna olli miklum ugg meðal þorra landsmanna og varð kveikjan að undirskriftasöfnuninni.

Tölulegur samanburður

Hve mörgum undirskriftum hefðu Umhverfissvinnir þurft að ná til að slá met Varins lands? Í því sambandi er nauðsynlegt að taka tillit til fjölgunar þjóðarinnar á þeim aldarfjórðungi sem liðinn er síðan undirskriftasöfnun Varins lands fór fram. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands var mannfjöldinn 1. des. 1973 samtals 213.722. Hinn 1. desember 1999 nam fjöldinn 278.702. Fjölgunin nemur 30%.

Undirskriftir Varins lands töldust 55.522. Það myndi samsvara 72.400 undirskriftum nú, ef við notum einfaldan hlutfallareikning. Umhverfissvinnir hefðu því alls ekki náð að jafna metið þótt þeir hefðu fengið þann fjölda undirskrifta sem þeir stefndu að.

En með þessu er aðeins hálf sagan sögð. Undirskriftasöfnun Varins lands var takmörkuð við þá sem náð höfðu tvítugsaldri (kosningaldri) hinn 1. mars árið 1974. Ef við athugum fjölgun í þeim aldurshópi fram til 1. des. 1999 reynist hún tæplega 53%. Með öðrum orðum, í þessum hópi er fjölgunin mun meiri en meðaltalsfjölgunin. Þetta merkir að hinar 55.522 undirskriftir Varins lands árið 1974 myndu samsvara sem næst 85.000 undirskriftum nú.

Til þess að geta borið töluna 85.000 saman við undirskriftir Umhverfissvina, verðum við í fyrsta lagi að fá upplýsingar um, hve margar af þeim 45.356 undirskriftum sem þeir söfnuðu voru undirskriftir fólks sem náð hafði tvítugsaldri. Næst hljóttum við að spyrja hversu vel hafi verið kannað að um gildar undirskriftir væri að ræða. Voru allar undirskriftir bornar saman við þjóðskrá eins og gert var í undirskriftasöfnun Varins lands? Ef sá samanburður var gerður, hversu margar undirskriftir voru ógildar vegna þess að nöfnin fundust ekki í þjóðskrá? Hve margir skrifuðu tvisvar undir eða oftari? Fundust einhverjar falsaðar undirskriftir? Hvaða aldursmörk voru sett og hve margir voru undir þeim mörkum? Hvernig voru þær undirskriftir sannreynðar sem tilkynntar voru í síma eða með tölvuþósti? Öllum þessum spurningum verða forsvarsmenn Umhverfissvina að svara ef þeir vilja gera samanburð við undirskriftasöfnun Varins lands.

Tímalengd söfnunarinnar

Þá skulum við taka fyrir önnur atriði sem forsvarsmenn Umhverfissvina hafa nefnt. Fyrsta atriðið sem þeir tefldu fram til samanburðar var tímalengd söfnunarinnar.

Undirskriftasöfnun Varins lands stóð frá 15. janúar til 20. febrúar

1974 eða fimm vikur. Þetta var tilkynnt í upphafi og við það var staðið. Úrvinnsla og sannpröfun gagna tók hins vegar mun lengri tíma en reiknað hafði verið með vegna fjölda undirskriftanna, og var því ekki unnt að afhenda þær fyrr en 21. mars í stað 1. mars sem upphaflega var stefnt að.

Undirskriftasöfnun Umhverfissvina hófst 10. nóvember s.l. og stóð til janúarloka, eða í tæpar 12 vikur, um það bil tvöfalt lengri tíma en undirskriftasöfnun Varins lands, jafnvel þótt gert sé ráð fyrir hléi um jól og nýár. Ef þetta skiptir máli í

Þegar svo langt er gengið í rangfærslum er óhjákvæmilegt, segja Þorsteinn Sæmundsson, Ragnar Ingimarsson og Þorvaldur Búason, að þeir sem stóðu að undirskriftasöfnun Varins lands stingi niður þenna til að leiðrétta verstu villurnar.

samanburði talnanna, eins og talsmaður Umhverfissvina hélt fram og ekki skal dregið í efa, væri fróðlegt að vita hvernig hann metur þau áhrif í samanburðinum.

Við afhendingu undirskrifta Umhverfissvina sagði talsmaður þeirra reyndar að flestar undirskriftirnar hefðu safnast á fimm vikna tímabili og fullyrti að svo stór söfnun á svo stuttum tíma hefði aldrei fyrr átt sér stað hér á landi (Mbl. 15. febrúar). Var það endurtekning á fyrri ummælum (Mbl. 29. des.). Um sannleiksgildi þessarar fullyrðingar geta menn dæmt af þeim tölum sem nefndar voru hér að framan.

Viðbrögð andstæðinga – þáttur fjölmiðla

Þá eru það ofsóknirnar sem Umhverfissvinnir máttu sæta. Þær hljóta að blikna í samanburði við þá svívirðingaherferð sem herstöðvaandstæðingar héldu uppi gegn forngöngum Varins lands. Sú herferð á sér engin líka í sögu íslenskrar blaðamennsku og skal ekki rakin hér, en um hana geta menn fræðst af dagblöðum þess tíma og málsskjölum héraðsdóms og hæstaréttar. En hlutur ríkisfjölmiðlanna hefur lítið verið til umræðu og er ástæða til að rifja hann upp nú vegna samanburðarinnar við undirskriftasöfnun Umhverfissvina. Ekki verður annað séð en að Umhverfissvinnir hafi átt greiðan aðgang að þessum fjölmiðlum, mörg víðtöl hafa verið tekin og auglýsingar verið áberandi.

Þessu var öðru vísi farið þegar Varið land átti í hlut.

Þegar frá er talin fyrsta kynning undirskriftasöfnunarinnar birti ríkissjónvarpið, sem þá var eina sjónvarp landsmanna, aldrei víðtöl við neinn forvígismannanna, og sama er að segja um ríkisútvarpið. Þegar undirskriftirnar voru afhentar í Alþingishúsinu – undirskriftir nær helmings atkvæðisbærra Íslendinga, neitaði sjónvarpið að senda menn á vettvang.

Engar sjónvarpsmyndir eru því til af þeim atburði.

En ekki nóg með það. Aðstandendum Varins lands var meinað að auglýsa í sjónvarpi og útvarpi. Þetta var gert á þeim forsendum að bannað væri að birta áskoranir á alþingismenn! Einföld auglýsing eins og „Ertu búinn að skrifa undir?“ var talin falla undir þetta ákvæði. Ekki er vítað til að þessu ákvæði hafi verið beitt af nokkru öðru tilefni, hvorki fyrr né síðar.

Framkvæmd söfnunar

Næst skulum við líta á þá umkvörtun Umhverfissvina að listum hafi verið stolið og þeir eyðilagðir. Ekki er þetta ný bóla, því að hið sama átti sér stað við undirskriftasöfnun Varins lands. Andstæðingar söfnunarinnar gengu hart fram og létu jafnvel hendur skipta til að vinna skemmdarverk á listum. Munurinn er hins vegar sá að í undirskriftasöfnun Varins lands voru allir listar númeraðir og í umsjá einhvers af þeim tvö þúsund sjálfboðaliðum sem gáfu sig fram við söfnunina. Þegar listi var eyðilagður, gat sjálfboðaliðinn venjulega bætt skaðann með því að fara aftur til þeirra sem hann hafði komið að máli við. Stundum skrifuðu menn aftur á lista til öruggs, vitandi það að farið yrði yfir listana í lokin og allar tvítíttanir strikaðar út. Ef Umhverfissvinnir vita ekki hve margir listar hafa horfið, hefur einhverju verið ábótavant í þeirra söfnunarkerfi. Þeim hefði átt að vera ljóst, að lítið mark yrði tekið á sögum um glataða lista, jafnvel þótt sannar væru.

Þá er það sú aðdróttun að fólk hafi verið neytt til að skrifa undir lista Varins lands. Þetta er gamall áróður herstöðvaandstæðinga, sem aldrei gátu lagt fram neins konar sönnunargögn í þessa átt þegar á reyndi. Dettur annars nokkrum heilvita manni í hug að hægt sé að fá þúsundir Íslendinga til að undirrita skjál gegn vilja sínum? Svo má benda á að hverjum manni var frjálst að koma á skrifstofu Varins lands og biðja um að undirskrift sín yrði ógilt. Einn eða tveir notfærðu sér þetta ef rétt er munað.

Hverjir stóðu að undirskriftasöfnun Varins lands?

Loks er það nýjasta söguskýringin, sem er á þá leið að undirskriftasöfnun Varins lands hafi verið „átak lýðræðisflokkaanna svokölluðu og fyrirtækja landsins“. Þetta eru ónættanlega nokkrar fréttir fyrir okkur fjórtán sem stóðum að undirskriftasöfnun Varins lands og þá tvö þúsund sjálfboðaliða sem lögðu okkur lið. Í rauninni er þessi fullyrðing móðgun við þá fjölmörgu einstaklinga sem lögðu þarna hönd á plóg. Þótt margir þeirra hafi verið flokksbundnir í stjórnmálaflokkum, var framtak þeirra einstaklingsbundið en ekki flokksrekið. Vissulega var Sjálfstæðisflokkurinn sem slíkur hlýntur framtaki okkar, enda var það í fullu samræmi við stefnu flokksins í varnarmálum, en flokkurinn átti ekki hugmyndina og rak ekki söfnunina eða skipti sér af framkvæmd hennar. Eflaust hefur

forysta flokksins metið það svo, að afskiptaleyfi væri affarasælast í þessu máli.

Hvað Framsóknarflokkinn sneristir er rétt að minna á að framkvæmdastjórn þess flokks, næststærsta flokks landsins, skoraði á flokksmenn sína að „forðast þátttöku í hvers konar undirskriftum um varnarmálin“. Þessi áskorun, sem birtist skömmu eftir að undirskriftasöfnunin hófst, hefur vafalaust haft sín áhrif, þótt fjöldi Framsóknarmanna léti hana ekki aftra sér frá því að skrifa undir og aðstoða okkur við söfnunina. Fjölmargir áhrifamenn í flokknum birtu síðar stuðningsyfirlýsingu við söfnunina.

Um Alþýðuflokkinn er það að segja, að forysta flokksins og stofnanir hans létu málið að mestu afskiptalaust, enda munu skoðanir hafa verið nokkuð skiptar í þeim flokki, en margir góðir Alþýðuflokksmenn studdu okkur í verki.

Hvernig var staðið undir kostnaði vegna Varins lands?

Þá eru upptaldir „lýðræðisflokksarnir“ og þeirra áttak en eftir stendur spurningin um áttak „fyrirtækja landsins“. Þar verðum við undirritaðir að játa að við komum af fjöllum og vitum ekki hvað við er átt. Auðvitað leituðum við bæði til fyrirtækja og einstaklinga um fjárstuðning til að standa straum af kostnaði við undirskriftasöfnunina. Mörg fyrirtæki sýndu okkur velvilð, en um stórar fjárhæðir var ekki að ræða enda kostnaður mjög hófsamlegur eins og sjá má í endurskoðuðum reikningum sem fram voru lagðir á opinberum vettvangi. Heildarkostnaðurinn nam 1,2 milljónum í þágildandi krónum (2,6 milljónum í núgildandi krónum, ef krónutalan er framreiknuð eftir byggingarvísitölu). Af þeirri upphæð nam framlag einstaklinga 872 þúsund krónum (sem myndi samsvara 1,9 milljónum nú), en framlag fyrirtækja var aðeins 299 þúsund (670 þúsund á núverandi verðlagi).

Andstæðingar Varins lands verða að setta sig við það, hvort sem þeim líkar betur eða verr, að undirskriftasöfnunin árið 1974 var fjöldahreying sem hvorki var rekin áfram af stjórnmálaflokkum né fyrirtækjum.

Þess má geta að langstærsti kostnaðarliðurinn hjá Vörðu landi var skýrsluvélanin vegna sannpröfunar undirskriftanna. Sá kostnaður nam 500 þúsund krónum (1,1 milljón á núverandi verðlagi).

Ofangreindar kostnaðartölur geta menn svo borið saman við kostnað og fjármögnun söfnunar Umhverfissvina, ef þeirra tölur verða birtar.

Samanburður á textum

Að lokum viljum við leyfa okkur að gera athugasemd við textann sem Umhverfissvinnir buðu mönnum að skrifa undir.

Alþjóð veit að það er áhugamál Umhverfissvina að koma í veg fyrir virkjanir sem leitt gætu til óbættanlegra landspjalla.

Um þetta sjónarmið er deilt, en það er ekki til umræðu hér.

Gallinn er hins vegar sá að hið raunverulega markmið Umhverfissvina kemur hvergi fram í því skjali sem þeir dreifðu til undirskrifta. Þeir féllu nefnilega í þá freistni að orða skjalið þannig að nánast hver sem væri gæti skrifað undir, hvort sem hann eða hún væri með eða móti virkjunarframkvæmdum. Þetta voru alvarleg mistök sem drógu mjög úr vægi undirskriftasöfnunarinnar.

Þess skal getið til fróðleiks, að hlíðstæð tillaga kom fram þegar verið var að semja textann að undirskriftasöfnun Varins lands. Sú tillaga var dregin til baka eftir stutta umræðu og menn sameinuðust um texta sem var skýr og afdráttarlaus. Þurfti því enginn að velkjast í vafa um það hvað undirskriftirnar merktu, og áhrifin voru í samræmi við það. Hætt var við uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og samið um áframhaldandi dvöl varnarliðsins.

Höfundar voru í hópi forögungmanna undirskriftasöfnunar Varins lands.